

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101Reykjavík

Reykjavík, 30.11.2023
Tilvísun: 20231105250

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (Gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.) – þskj. 509 – 468. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 17. nóvember sl. móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

I. Breyting á lögum nr. 87/2011, um gistináttaskatt

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að felldir verði brott 2. og 3. másl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/2011 og þeir færðir efnislega, með breytingum, í nýja málsgrein sem verður 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. mgr. c-liðs 1. gr. frumvarpsins. Í ljósi þess að frumvarpið felur í sér stefnumarkandi breytingar þess efnis að skattleggja skuli sölu á gistaðstöðu í skemmtiferðaskipum, þá telur ríkisskattstjóri þörf á að skilgreina hugtakið „gistaðstaða“ með slíkum hætti að enginn vafi leiki á að við umræddar aðstæður falli undir hugtakið gistináttaeining. Er því lagt til að 1. mgr. c-liðar 1. gr. frumvarpsins orðist með eftirfarandi hætti:

*„Með gistináttaeiningu er átt við leigu á gistaðstöðu í allt að einn sólahring, þ.m.t. yfir nótt. Með gistaðstöðu er átt við húsnæði, **svæði eða svefnaðstöðu, þ. á m. um borð í skemmtiferðaskipi**, sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmrí tíma en mánaðar.“*

Með 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga nr. 87/2011 þar sem kveðið er á um undanþágur frá skyldu skattaðila til að leggja gistináttaskatt á sölu gistingar í tilteknum tilvikum. Gistináttaskattur er óbeinn skattur, en með því er átt við að greiðsla skattsins hvílir á kaupanda vöru eða þjónustu. Skattskyldir aðilar innheimta skattinn og ber skylda til að standa skil á honum í ríkissjóð. Með vísan til framangreinds og almennrar málvenju er því lagt til að 1. másl. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

*„Ekki skal **innheimta** gistináttaskatt í eftirfarandi tilvikum:“*

Samkvæmt a-lið 2. gr. frumvarpsins skal ekki leggja gistináttaskatt á sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, sbr. núgildandi ákvæði 3. gr. laga nr. 87/2011. Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á lögnum þess efnis að þrátt fyrir framangreinda reglu taki skattskyldan til rekstraraðila skemmtiferðaskipa, óháð því hvort þeir reki virðisaukaskattsskylda starfsemi, þá er lögð til eftirfarandi breyting á a-lið 2. gr.:

*„við sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, **sbr. þó 2. mgr. 4. gr.**,“*

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á ákvæðum laga nr. 87/2011 er varða skattlagningu gistiþjónustu um borð í skemmtiferðaskipum, sbr. c-lið 2. mgr. c-liðar 1. gr. frumvarpsins. Skattaðili er í 3. gr. frumvarpsins m.a. skilgreindur sem rekstraraðili skemmtiferðaskips. Skattlagning er þó miðuð

við hvert skip á vegum þeirra rekstraraðila sem gætu eftir atvikum rekið breytilega starfsemi, allt eftir fjölda skipa á þeirra vegum, sbr. a- og b-lið 3. gr. og 3. og 4. mgr. 4. gr.. Því má gera ráð fyrir að rekstraraðila skemmtiferðaskipa gæti eftir atvikum borið að haga uppgjöri sínu bæði eftir ákvæðum um seljendur virðisaukaskattsskyldrar þjónustu og undanþeginnar. Í þeim tilvikum væri um tvö mismunandi uppgjörstímabil að ræða.

Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á ákvæðum 5. gr. laga nr. 87/2011 sem fjalla um álagningu gistináttaskatts, uppgjör hans og skýrslugjöf. Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að uppgjörstímabil rekstraraðila skemmtiferðaskipa samkvæmt c-lið 2. mgr. c-liðar 1. gr. frumvarpsins, sem ekki eru notuð í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt, verði sá tími sem skipið er innan tollsvæðis ríkisins hverju sinni, þ.e. 12 mílna landhelginnar. Gjaldþagi verði sami dagur og þegar skip yfirgefur tollsvæðið. Með vísan til þeirra breytinga sem lagðar eru til á 3. mgr. hér að neðan er lagt til að við lokamálslið 4. mgr. 4. gr. verði bætt við tilvísun til lokamálslið 3. mgr. 4. gr. með svofelldum hætti;

„og fer um skýrsluskil og greiðslu skatts samkvæmt lokamálslið 3. mgr.“

Í 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins er jafnframt lagt til að eigi síðar en á gjaldþaga samkvæmt 3. mgr. skuli skattskyldir aðilar ótilkvaddir skila Skattinum skýrslu um fjölda seldra gistinátta á uppgjörstímabilinu og standa skil á innheimtum gistináttaskatti til innheimtumanns ríkissjóðs. Sambærileg ákvæði um skýrsluskil og skil á innheimtum skatti eru ekki sett fram í tengslum við umfjöllun um gjaldþaga aðila samkvæmt 4. mgr. Hins vegar kemur fram í greinargerð, í lokamálslið skýringa við 4. gr., að í öllum tilvikum beri skattskyldum aðilum að skila á gjaldþaga skýrslu til innheimtumanns ríkissjóðs um fjölda seldra gistináttaeininga.

Ríkisskattstjóri telur rétt að lagatextinn taki með óbyggjandi hætti á því við hvaða gjaldþaga beri að miða í tilvikum rekstraraðila skemmtiferðaskipa, sem ekki eru notuð í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt og vísast til tillagna í þá veru.

Því er lagt til að 1. málslið 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði felldur brott og færður efnislega í lok 3. mgr. greinarinnar, sem orðaðist svo eftir breytinguna:

„Uppgjörstímabil gistináttaskatts hjá skattskyldum aðilum skv. a- og b-lið 3. mgr. 2. gr. og hjá rekstraraðilum skemmtiferðaskipa skv. c-lið 3. mgr. 2. gr., sem notuð eru í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt, skulu vera þau sömu og uppgjörstímabil virðisaukaskatts skv. 1. málslið 1. mgr. 24. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Gjaldþagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Eigi síðar en á gjaldþaga skulu skattskyldir aðilar ótilkvaddir skila ríkisskattstjóra skýrslu um fjölda seldra gistinátta á uppgjörstímabilinu og greiða þann skatt sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum til innheimtumanns ríkissjóðs.“

Að gerðum framangreindum breytingum komi tilvísun til þessa málsliðar í lok 4. mgr. 4. gr. eins og fyrr segir.

Þá er lagt til að tilvísun til „og 4.“ í lok 5. mgr. 4. gr. falli brott þannig að sú regla gildi að skýrsluskil og greiðsla gistináttaskatts eigi sér stað við brottför, þegar um er að ræða skip sem ekki eru notuð í starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt.

Með 6. gr. frumvarpsins er lagt til nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna skuli ekki greiða gistináttaskatt fyrir hvern dvalargest vegna sölu gistináttaeiningar sem afhent er á árinu 2024 eða síðar enda hafi sölureikningur fyrir heildarverði gistingar verið gefinn út fyrir 1. janúar 2024. Það er mat ríkisskattstjóra að miklar áskoranir fylgi framkvæmd þessarar undanþágu, enda sé gistingin alla jafna seld af erlendu ferðaþjónustufyrirtæki

og því erfitt að afla við eftirlit fullnægjandi upplýsinga um seljendur og sölureikninga. Telur ríkisskattstjóri því tilefni til þess að undanþáguákvæði 6. gr. frumvarpsins falli brott.

Þá er vert að víkja að því að með c-lið 3. gr. og 1. og 6. mgr. 4. gr. frumvarps þessa eru lagðar til breytingar á ákvæðum 4. og 5. gr. laga nr. 87/2011. Þannig er lagt til með frumvarpinu að í stað ríkisskattstjóra verði vísað til þeirrar stofnunar sem ríkisskattstjóri stýrir, þ.e. Skattsins. Ríkisskattstjóri telur að betur færi á því að halda hér samræmi við þá meginlínu sem birtist í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 og öðrum lögum sem varða skattframkvæmd, að vísað sé til embættismannsins sem stjórnsluákvæðanirnar tekur en ekki heitis þeirrar stofnunar sem annast verkefni í hans umboði, sbr. 85. gr. laga nr. 90/2003. Í þessu samhengi mætti einnig benda á að í frumvarpi til nýrra laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða (þskj. 574 – 507. mál, 154. löggjafarþing) er vísað til þess að ríkisskattstjóri fari með framkvæmd á þeirra grundvelli. Að þessu virtu er bent á að ákjósanlegt væri að í stað „Skatturinn“ í 1. og 6. mgr. 4. gr. frumvarpsins komi „Ríkisskattstjóri“ og „ríkisskattstjóri“, eftir því sem við á hvoru sinni.

II. Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt

Með 12. gr. frumvarpsins er lögð skylda á rekstraraðila sk. stafrænna vettvanga til að skila ríkisskattstjóra tilteknum upplýsingum um viðskipti sín og miðlaðar tekjur. Ríkisskattstjóri bendir á að fyrirmynd OECD sem hér er byggt á (*Model Rules for Reporting by Platform Operators with respect to Sellers in the Sharing and Gig Economy*) tekur til hvort tveggja leigu og sölu á vöru og þjónustu, og að markmiðið með þessari breytingu á lögum um tekjuskatt sé að innleiða sambærilegar reglur. Ákjósanlegt sé að hinar íslensku reglur og skilgreiningar séu ekki vafa undirorpnar og því er lagt til að 2. másl. 12. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Með stafrænum vettvangi er átt við hugbúnað, þ.m.t. smáforrit, sem gerir leigusölum og seljendum vara og þjónustu kleift að tengjast notendum með það fyrir augum að veita þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, fyrir viðkomandi notendur og býður eftir atvikum upp á greiðslufyrirkomulag.“

III. Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki

Hvað varðar nýja 3. gr. a. bendir ríkisskattstjóri á eftirfarandi:

Ákjósanlegt væri að á eftir orðunum „framleiðsluleyfi“ í 2. tölulið a komi:

„skv. 6. gr. áfengislaga nr. 75/1998.“

Ennfremur er bent á að orðasambandið „hreinn vínandi“, sbr. 2. másl. 1. tölul. nýrrar 3. gr. a, svo og 2. máls. 3. tölul., kemur hvergi fyrir í lögum 96/1995. Ríkisskattstjóri telur að betur færi á því að gæta hér samræmis og að frumvarpinu verði breytt á þann veg að aðeins verði vísað til „vínanda“.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson